

Nr. 002 / 12 Dettifoss***Skipverji slasast á fæti***

IMO.nr. 9086801
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m *Dýpt:* 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13



Dettifoss ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Údráttur úr leiðarbók
Slysaskrá frá skipi

Málið afgreitt á fundi 3. febrúar 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni Pálma K. Jónssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 22. október 2011 var Dettifoss á siglingu í Norðursjó á leið til Þórshafnar í Færeyjum. Veður: S 10-14 m/s.

Skipverji var að vinna í vélarúmi þegar hann snéri sig illa á vinstri ökkla með þeim afleiðingum að hann bólgaði upp og varð óvinnufær. Hann reyndist óbrotinn við skoðun hjá lækni í Færeyjum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.